



Þögnin mikla

Hugleiðingar um riddarasögur og stöðu þeirra í íslenskum bókmenntum

Driscoll, Matthew James

Published in:
Skáldskaparmál

Publication date:
1990

Document version
Andet version

Document license:
[Ikke-specificeret](#)

Citation for published version (APA):
Driscoll, M. J. (1990). Þögnin mikla: Hugleiðingar um riddarasögur og stöðu þeirra í íslenskum bókmenntum. *Skáldskaparmál*, 1, 157-168.

Pögnin mikla

Hugleiðingar um riddarasögur og stöðu þeirra í íslenskum bókmenntum

MATTHEW JAMES DRISCOLL

1.

Einu sinni þegar ég var á leiðinni til Íslands með Smyrli gamla, kynntist ég lítillaga þýskri konu, frá Hamborg að mig minnir, sem var að fara til Íslands í fyrsta sinn. Hún hafði bílinn sinn með sér og ætlaði að keyra umhverfis landið og sjá allt sem hægt var að sjá. Eins og við mætti búast af Þjóðverja var þessi kona mjög vel undirbúin, vissi bókstaflega allt um Ísland, enda sagðist hún hafa verið að skipuleggja ferðina í mörg ár. Eitt fannst henni þó mjög miður. Það var að, eftir því sem henni skildist, væri ekki hægt að keyra í kringum landið án þess að fara í gegnum Reykjavík. Ef satt væri, sagðist hún ákveðin í að keyra eins hratt og hún gæti í gegnum borgina, og helst með lokuð augun.

Mér hefur oft orðið hugsað til þessarar konu í íslenskunámi mínu við Háskóla Íslands. Ég hef nefnilega grun um að margir bókmenntafræðingar, erlendir jafnt sem innlendir, hafi beitt svipaðri aðferð á ferðum sínum í gegnum íslenska bókmenntasögu.

2.

Ef dæma má bæði af fjölda sagna og fjölda handrita hverrar sögu voru riddarasögur langvinsælasta lesefnið hér á landi um 700 ára skeið, allt frá því á 13du öld og fram til loka 19du aldar, eða jafnvel lengur: á fyrstu áratugum þessarar aldar var enn verið að skrifa upp sögur af þessu tagi.

Í bókmenntasögu sinni segir Stefán Einarsson að heildarfjöldi allra lygisagna muni vera um 265.¹ Tala þessi hefur þótt fullhá, en með því að telja sögur nokkurra þýddra safna hverja fyrir sig stenst hún alveg. Auk þess eru sumar sagnanna varðveittar í upp undir 70 handritum, eða fleirum en nokkur Íslendingasaga.

Eins og flestir vita eru riddarasögur tvennskonar. Í fyrsta lagi eru þýðingar, flestar úr frönsku, sem gerðar voru mestmegnis í Noregi á 13du öld. Elst þeirra er líklega *Tristrams saga*, sem að eigin sögn var þýdd 1226, en frá svipuðum tíma eru sögurnar þrjár eftir Chrétien de Troyes: *Erex*, *Ívens* og *Parcivals sögur*,

svo og aðrar *romans courtoise*. *Strengleikar*, sem samanstanda af 21 söguljóði (*lais* á frönsku), eru einnig af þessum toga. *Karlamagnús saga* er dálítið sér á parti vegna söguefnisins, en hún er einnig saman sett úr nokkrum sjálfstæðum sögum sem allar eru franskar að uppruna. Annað þýtt efni sem tengist riddarasögnum er t.d. *Þiðreks saga*, safn þýskra sagna. Sumt var þó örugglega þýtt hér á landi, t.d. *Alexanders saga*, sem Brandur Jónsson biskup á að hafa þýtt úr latínu. *Klári* (eða *Klárus*) *saga* er eignuð öðrum biskupi, Jóni Halldórssyni í Skálholti, og segist einnig vera þýðing úr latínu, en fyrirmyndin finnst hvergi. Loks má nefna sögur eins og *Breta sögur* og *Trójumannasögu*, báðar þýddar úr latínu.

Um þessar þýddu sögur hefur verið töluvert skrifað, en þó nær eingöngu af erlendum fræðimönnum,² einkum þýskum og frönskum, enda eru þær oft hinar merkilegustu heimildir um miðaldaverk annarra Evrópuþjóða. Mikilvægi þeirra er sem sé fólgið í því að þær varpa ljósi á frumgerðirnar, verk sem hafa stundum afmyndast eða jafnvel glatast með öllu annarsstaðar. Að öðru leyti eru þær eingöngu athyglisverðar vegna þeirra skaðlegu áhrifa sem þær hafa haft á íslenskar bókmenntir, en um það mun ég fjalla síðar.

Í öðru lagi eru riddarasögur frumsamdar á Íslandi, þær elstu frá því um lok 13du aldar, en alls hafa um 30 slíkar sögur varðveist frá því fyrir síðaskipti. Þær eru stundum kallaðar lygisögur til aðgreiningar frá þýddu sögunum. Það nafn þykir óheppilegt, sökum þess neikvæða dóms sem í því felst, en var þó notað allmikið um tíma, einkum af erlendum fræðimönnum. Gustaf Cederschiöld, sem var meðal þeirra fyrstu til að gefa frumsamdar riddarasögur út vísindalega³ bjó til heitið fornsögur suðurlanda, en það heyrir varla lengur. Víða er einnig gripið til þýska heitisins *Märchensagas*, einkum á seinni árum. Þó er mjög oft enginn greinarmunur gerður á þessum sögum og þýddu sögunum. Ég tel alrangt að flokka þessar tvær tegundir saman. Þótt þýðingar hafi óneitanlega áhrif á viðkomandi menningarumhverfi, þá eru þær ekki sprotnar úr því umhverfi á sama hátt og frumsamin verk, hversu sterk sem áhrif erlendra verka kunna að hafa verið. Það gæti t.a.m. verið fróðlegt að skoða hvaða áhrif þýðingar Guðbergs Bergssonar á verkum Gabriel García Márquez, eða jafnvel Cervantes, hafa haft, ekki bara á Guðberg sjálfan, heldur á íslenska nútímarrithöfunda almennt. Hinsvegar gæti það komið nokkuð spánskt fyrir sjónir að sjá *Hundrað ára einsemd* eða *Don Kíkóta* flokkuð sem nútíma íslensk verk, eða þá að sjá verk Guðbergs flokkuð sem spænsk verk, en slíkt gerist oft þegar riddarasögurnar eru annarsvegar: þeir eru margir sem telja riddarasögurnar – og þá ekki bara þýðingarnar, heldur einnig þær frumsömdu – ekki til íslenskra sagna.⁴ En íslensku riddarasögurnar, þótt þær byggji að einhverju leyti á erlendum sögnum, eru frumsamdar af Íslendingum, á Íslandi, handa Íslendingum. Þær eru m.ö.o. íslenskar sögur.

Vinsældir þessara sagna á fyrri öldum verða varla ofmetnar: þó nokkuð margar þeirra, sögur eins og t.d. *Bærings saga*, *Jarlmanns saga ok Hermanns*, *Mágus saga*, *Sigrgarðs saga frækna*, *Sigurðar saga þögla*, og *Vilhjálmss saga sjóðs*

eru varðveittar í yfir 50 handritum, og ein, *Nítíða saga*, í tæplega 70, og er hún því án efa vinsælust allra íslenskra sagna. Samt var hún óútgefin þangað til Agnete Loth tók hana með í *Late Medieval Icelandic Romances* árið 1965.⁵

3.

Riddarasögurnar hafa þó ekki reynst jafnvinsælar meðal bókmenntafræðinga; raunin er sú að á þær er varla minnst í helstu yfirlitsritum í bókmenntasögu.

Í *Norges og Islands litteratur inntil utgangen av middelaldren*⁶ eftir Fredrik Paaske t.a.m., er ekki orð um frumsömdu riddarasögurnar, og það sama gildir um kafla Thorkild Damsgaard Olsens „Den Høviske litteratur“ í *Norrøn fortællekunst*.⁷ Í sinni stóru bókmenntasögu, sem spannar yfir 1700 bls., fjallar Finnur Jónsson um frumsömdu riddarasögurnar á aðeins 20 bls.⁸ Þar rekur hann söguþráð nokkurra þeirra og nefnir fáein athyglisverð minni sem koma fyrir. Sumsstaðar leggur Finnur nokkurs konar mat á sögurnar; um *Bærings sögu* t.a.m., stórmerkilega sögu fyrir margra hluta sakir, hefur hann eftirfarandi að segja: „Som helhed er sagaen lidet interessant og æmnet meget almindeligt.“⁹

Það sama má segja um *Altnordische Literaturgeschichte* eftir Jan de Vries, tveggja binda verk, yfir 900 síður í allt; þar er einn kafli, aðeins fimm síður, um frumsömdu riddarasögurnar, og aðeins 12 þeirra eru nefndar á nafn.¹⁰

Bókmenntasaga Stefáns Einarssonar er tæplega 500 síður í íslenskri útgáfu; þar eru tíu síður um allar sögurnar, þýddar jafnt sem frumsamdar.¹¹

Í bók Sigurðar Nordal, *Sagalitteraturen*, sem birtist í ritröðinni *Nordisk kultur*, eru aðeins örfáar línur um frumsömdu sögurnar. Þær lýsa þó vel afstöðu fræðimanna til þessara sagna, afstöðu sem hefur orðið að eins konar heilagri kennisetningu og kemur fram aftur og aftur, oftast í lítt breyttri mynd. Nordal segir:

„Þessar sögur eru yfirleitt með afbrigðum ófrumleg og fátækleg smíði, en í þeim finnast þó, auk lánsatriða frá þýðingum, sem voru til, farandminni af ýmsu tagi og einstaka skemmtileg tilfyndni. Á þeim eru yfirleitt sömu annmarkar og yngstu fornaldarsögum og nokkrir í tilbót þó, svo sem tilgerðarlegra og hroðvirknislegra málfar, meiri tilfinningavella og málskrúð í lýsingum. Hin elzta og bezta þessara sagna, (*Bragða*) *Mágus-saga (jarls)*, er til í eldri og yngri (lengdri og endurgerðri) mynd, og ekki er víst hvort sú eldri er norsk eða íslensk. Annars er ókleift að telja þessar sögur hér upp. Margar þeirra eru án efa frá 14. öld, en haldið var áfram að semja sögur í svipuðum dúr langt fram eftir öldum.“¹²

4.

Svo er oft látið sem sagnaritun hafi svo til lagst af héraendis um siðbreytingu, þótt haldið hafi verið áfram að semja riddarasögur fram eftir öldum, eins og Nordal rétt nefnir. Hér er þó um allstóran hóp sagna að ræða. Þær eru óhreinustu börnin hennar Evu; um þær er þögnin algjör. Frá öldunum eftir siðaskipti eru varðveittar á annað hundrað sagna af þessu tagi. Um þær er fátt vitað, enda hafa aðeins örfáar verið gefnar út, og þá í alþýðuútgáfum frá 19du öld og fyrstu áratugum þeirra 20ustu.¹³ Langflestar liggja ólesnar og ókannaðar í handritum á Landsbókasafni og e.t.v. víðar í héraðs og einkasöfnum, eða bara í kössum uppi á háalofti hjá fólki. Sumar þessara sagna eru þýðingar á dönskum og þýskum og í nokkrum tilfellum hollenskum *Volksbücher* eða almúgabókum, en þær hefur Hubert Seelow nýlega tekið til athugunar.¹⁴ Til viðbótar eru nokkrar sem eru endursagnir á ritum Saxa¹⁵ eða öðrum frásögnum frá miðöldum.¹⁶ En langflestar þeirra, yfir hundrað sögur, eru án efa íslensk ritsmið.

Skipting þessi milli miðaldasagna og seinni alda sagna getur þó vart talist byggð á sterkum rökum. Mér sýnist hún frekar vera afleiðing þeirrar miðaldadýrkunar sem einkenndi rit margra fræðimanna á 19du öld, en hún hafði m.a. í för með sér fordóma gagnvart pappírshandritum, sem menn töldu að með engu móti gætu haft textafræðilegt gildi.¹⁷ Á sama hátt gátu sögur sem komust aldrei á skinn einfaldlega ekki haft gildi af neinu tagi.

En afstaða manna til yngri riddarasagna er hluti af stærri heild, þ.e. hugmyndum um þróun sagnaritunar á Íslandi. Nordal (og aðrir) gengu út frá því að sagnaritun á Íslandi hefði náð hámarki sínu um miðja 13du öld, fyrst með Snorra¹⁸ og svo í Njálu. Öllu öðru var svo raðað niður þar í kring. Lykillinn að íslenskri bókmenntasögu var „baráttan milli alþýðlegs smekks og söguefnis og vandfýsni sagnaritara.“¹⁹ Nordal skipti ritun Íslendingasagna í fimm stig, að einhverju leyti eftir aldri hvernar sögu sem hægt var að komast að með hliðsjón af rittengslum þeirra, en þó einnig og e.t.v. aðallega eftir bókmenntalegu þróunarstigi þeirra, eins og hann kallar það.²⁰ Fimmta stig Nordals var hnignun. Aldrei hefur „ríkt teljandi ágreiningur um það,“ segir Nordal, „hvaða sögur skuli telja til hnignunartímabilsins á 14. öld vegna þeirra áhrifa, sem þær urðu fyrir af fornaldar- og riddarasögum, og sakir smekks og áhugamála höfundanna yfirleitt.“²¹

„Vöndu“ Íslendingasögurnar eru sem sé þær sögur sem samdar voru á hnignunarskeiðinu; augljóst er að þær voru samdar á hnignunarskeiðinu vegna þess að þær hafa augljóslega orðið fyrir áhrifum frá riddara og fornaldarsögnum; þess vegna eru þær vöndar.

Á sama hátt eru „betri“ fornaldarsögurnar betri vegna þess að þær líkjast mest Íslendingasögnum hvað efni og stíl varðar, og þær fáu riddarasögur sem hlotið hafa nokkurt hrós, t.d. *Sigurðar saga fóts*, eru ekki endilega betri sögur eða betur sagðar en hinar, heldur líkjast þær mest fornaldarsögnum. *Sigurðar*

saga fóts, sem Knut Liestøl taldi að væri „millom dei beste i sitt slag“,²² er reyndar svo lík fornaldarsögunum að eina ástæðan fyrir því að hún er ekki talin til þeirra beint er að söguvið hennar er utan Skandinavíu. Einnig vill svo undarlega til að þær sögur sem ekki hafa fengið beinlínis niðrandi umsögn eru einmitt sögur um hetjur sem bera rammíslensk nöfn eins og Vilhjálmur og Sigurður.

5.

Augljóst er að þetta viðhorf til íslenskrar bókmenntasögu er ekki eingöngu reist á fagurfræðilegum grundvelli; varla þarf lengur að benda á það að hin mikla áhersla sem lögð var á Íslendingasögurnar hafi haft pólitískan tilgang, og að skoða beri allar kenningar Nordals og annarra í ljósi sjálfstæðisbaráttunnar. Blómaskeið sagnaritunar var á þjóðveldisöld, lokum þess fylgdi bókmenntaleg hnignun, endurvakningin kom með sjálfstæðisbaráttunni. Sögur eins og riddarasögur hentuðu ekki þeirri mynd sem menn vildu hafa af menningarsögu Íslands. Bókmenntasagan og hin pólitíska saga landsins urðu að vera eitt, og líkt og hungur, lús, og dönsk yfirráð, voru riddarasögurnar best gleymdar.

En nú eru það ekki eingöngu Íslendingar sem ekki hafa getað séð neitt annað fyrir ljóma Íslendingasagna, langt frá því. Hvað vakir t.d. fyrir manni eins og W. P. Ker, sem hélt því fram í lok 19du aldar að Íslendingasögurnar hafi ekki einungis verið hápunktur íslenskra miðaldabókmennta, heldur miðaldabókmennta almennt. Skoðanir Kers á riddarasögunum voru ekki síður afdráttarlausar, en hann hélt því fram að þær væru „among the dreariest things evermade by human fancy.“²³ Varla er það af patriótískum ástæðum sem Ker heldur þessu fram.

Mat af þessu tagi er fyrst og fremst fagurfræðilegt. En á hverju byggja menn slíkar skoðanir? Hvernig getum við sagt að ein saga sé betri en önnur, eða að ein tegund bókmennta sé betri en önnur? Á endanum hlýtur svarið að vera: af því að okkur finnst það bara; en af hverju finnst okkur það?

Reyndar held ég að Ker svari þessu sjálfur að einhverju leyti, alla vega hvað álit útlendinga snertir, því í beinu framhaldi af því sem ég vitnaði í áðan segir hann:

The conventional form of the Saga has none of the common medieval restrictions of view. It is accepted at once by modern readers without deduction or apology on the score of antique fashion, because it is in essentials the form with which modern readers are acquainted in modern story-telling; and more especially because the language is unaffected and idiomatic, not 'quaint' in any way, and because the conversations are like the talk of living people.²⁴

Íslendingasögurnar eru m.ö.o. betri en aðrar tegundir miðaldabókmennta af því að þær eru líkari nútíma skáldverkum. Ég held að það að Íslendinga-

sögunum svipi til nútíma skáldsagna hafi skipt töluverðu máli. Hér kemur aðallega til hið fræga „objektivitet“ Íslendingasagna sem féll nákvæmlega að kenningu margra bókmenntafræðinga á fyrstu áratugum þessarar aldar um að höfundur ætti að „sýna“ frekar en að „segja frá“.²⁵ En hitt hefur líka haft sitt að segja, að Íslendingasögur eru auðveldari aflestrar en t.a.m. *Beowulf* eða *Roman de la Rose*, ekki síst þegar þær eru komnar í Penguin útgáfum.

Ekki má heldur gleyma því að utan Skandinavíu höfðu langflestir þeirra sem „uppgötvuðu“ íslenskar bókmenntir á 19du öld klassískan bakgrunn.

Margir breskir húnanistar urðu Íslandsvinir á 18du og 19du öld. Í bréfi til skáldsins Robert Southey frá árinu 1811 lýsir einn slíkur, Walter Savage Landor, hrifningu sinni; þar segir hann m.a.:

The Romans are the most anti picturesque and anti poetical people in the universe. No good poem ever was or ever will be written about them. The North opens the most stupendous region to genius. What a people were the Icelanders! what divine poets! /.../ Except Pindar's, no other odes are so high toned. I have before me, only in the translation of Mallet's *Northern Antiquities*, the ode of Regnor Lodbrog [p.e. Krákumál]... What a vile jargon is the French! 'Nous nous sommes battu a coups d'épées'!! [p.e.a.s. Hjoggum vér með hjörvi]²⁶ There is one passage I delight in. 'Ah, if my sons knew the sufferings of their father...', for I gave a mother to my children from whom they inherit a valiant heart' [úr 26. versu]. Few poets could have expressed this natural and noble sentiment.²⁷

Hér er auðvitað verið að tala um kveðskap en ekki fornsögur, en orð Landors lýsa vel þeim sinnaskiptum sem margir þessara frumherja norænna fræða tóku.

Á 18du og 19du öld voru margir Evrópumenn þreyttir á hinu ofur fagaða þjóðfélagi þess tíma og þóttust finna í Íslendingasögunum hið sanna, hið upprunalega; mannkyn óspillt af evrópskri menningu, „the noble savage“. Það kemur því ekki á óvart þó slíkt fólk vildi síst af öllu finna hér á landi fjölda sagna af rómönskum uppruna.

6.

Hinn margrómaði knappi stíll Íslendingasagna er líklegast það sem fellur nútíma lesanda best í geð. Hvernig gátu þeir sagt svona margt í svo fáum orðum? „Replikerna kan falla med ödesmättad tyngd och skärpa“, segir Peter Hallberg,²⁸ en manni dettur í hug hvort ekki kunni eitthvað af þessari „þyngd og skerpu“ að vera frá lesandanum sjálfum komið. Það minnir á manneskju sem maður sér í samkvæmi sem segir lítið og heldur sig utan við. Það fáa sem slík manneskja segir getur virst vera hlaðið merkingu; en oft, þegar maður reynir að kynnast slíkri persónu betur finnur maður flatneskju þar sem maður átti von á dýpt.

Þessi berangurslegi stíll Íslendingasagnanna passaði líka vel við og átti á sama

tíma drjúgan þátt í að móta hugmynd manna um hinn fáorða og staðfasta víking, sem bregður sér hvorki við sár né bana, og trúir á mátt sinn og megin, einhvers konar Clint Eastwood miðalda. Á það hefur verið bent að stíll Íslendingasagna líkist hvað mest hinum svokallaða harðsoðna stíl, sem er talinn einkenna Ernest Hemingway og aðra höfunda af þeirri kynslóð sem Gertrude Stein nefndi hina glötuðu. Það hefur jafnvel verið reynt að tengja saman það rótleysi sem gætti meðal manna af þessari kynslóð og öfl á Íslandi á Sturlungaöldinni.²⁹ Þótt slíkt sé e.t.v. hæpið, má þó segja að eflaust hafi margir útlendingar sem ólust upp við Hemingway og aðra í þeim dúr verið móttækilegri fyrir Íslendingasögum en ella. En þetta gildir auðvitað eingöngu um útlendinga, því varla hafa Íslendingar orðið hrifnir af Íslendingasögnum vegna þess hve þær líktust skáldsögum Hemingways, eða hvað?

Nei, hvað Íslendinga snertir – eða réttara sagt nútíma Íslendinga því smekkur forfeðra þeirra var augljóslega annar – held ég að svarið sé afar einfalt: Íslendingar hafa bara meiri áhuga á sjálfum sér en öðrum; sögur sem gerast á Íslandi, sögur um Íslendinga, falla ævinlega í betri jarðveg hjá þjóðinni en sögur um einhverja karla úti í heimi.

Gjarnan er bent á hversu fátíð hliðstæð lýsingarorð eru í Íslendingasögnum: Það er ekki sagt t.d. „Tók hann þá sitt snarpa sverð“ heldur „Tók hann þá sverð sitt. Þat var snarpt.“³⁰ Áhrifa frá þessu gætir enn í dag: Íslendingasögurnar eru ennþá að miklu leyti mælikvarðinn sem miðað er við þegar ritað mál er metið. Fyrir utan Biblíuna og Kóraninn, hugsa ég að fáar bækur hafi haft jafn djúpstæð áhrif á ritmál einnar þjóðar og Íslendingasögurnar á íslensku. Það er t.d. álitnið mjög íslenskt að forðast lýsingarorð, og jafnvel nafnorð. Hugmyndin er væntanlega sú að fornmenn hafi hvorki lýst hlutum né nefnt; þeir framkvæmdu bara.

Það mætti þó til gamans velta því fyrir sér hvernig ímynd fornmanna væri, og þá um leið nútíma íslenskt ritmál, hefði ekkert varðveist nema dróttkvæðar vísur.

Á móti þessum hreina tæra stíl Íslendingasagna kemur svo stíll riddarasagna, sem á að vera tilgerðarlegur, vellukenndur, skróðmáll. Dæmigerð eru viðbrögð bandaríska bókmenntafræðingsins Lee M. Hollander, sem sagði:

„One fresh from the reading of the Icelandic Family sagas will be depressed when perusing one of the Riddara sögur. It is like passing from the fresh and vital atmosphere of the outdoors to the sultry and stale air of the boudoir.“³¹

Stíll flestra frumsömdu riddarasagnanna er reyndar ekki hinn svokallaði hæverski stíll sem sagður er einkenna þýddu sögurnar. Samt virðist sem gert sé ráð fyrir vissum stíleinkennum í þeim, en þegar þau fyrirfinnast ekki, þá er það hinni sterku innlendu sagnahefð að þakka. Einnig er sagt að elstu frumsömdu riddarasögurnar séu íslenskari en þær sem seinna komu, og, eins og við sáum, er *Mágus saga jarls* sögð sýna það. *Mágus saga* er varðveitt í tveimur gerðum, sú fyrri er talin vera frá því um 1300 og sú seinni um 50 árum yngri. Þótt til sé frá

14du öld eitt handrit þeirrar gerðar sem talin er vera eldri, virðist mér sem þessi tímasetning gerðanna byggist aðallega á því að stíll eldri gerðar líkist mjög stíl Íslendingasagna, því var hún talin vera frá því um 1300. Ártalið 1350 er hins vegar þannig til komið að smekkur manna á að hafa breyst um þetta leyti, og á hin gerðin, sem er lengri og orðmeiri, að vera í samræmi við þennan nýja smekk.

Íslenskir vinir mínir segja mér að þótt stíll riddarasagnanna sé e.t.v. skemmtilegur, sé hann einhvern veginn ekki íslenskur, að það sé alltaf þessi erlendi blær. En gæti ekki hugsast að þessi tilfinning Íslendinga fyrir því hvað er íslenskt og hvað ekki eigi rætur sínar að rekja til móðurmálskennslu í skóla, þar sem þeim er kennt að stíll Íslendingasagna sé einmitt íslenskur og annað ekki? Í *Sýnisbók íslenskra bókmennta*, sem átti að vera, eða skapa, nokkurs konar „great tradition“ í íslenskum bókmenntum, og var, a.m.k. til skamms tíma, undirstöðurit í íslenskukennslu í skólum, er aðeins að finna tvö brot úr frumsömdum riddarasögum. Annars vegar einmitt kafli úr eldri gerð *Mágus sögu* og svo örlítið brot úr *Konráðs sögu keisarasonar*, sem einnig er til í tveimur gerðum, og er sömuleiðis talin með elstu, og bestu, riddarasögunum vegna þess hversu íslensk hún er í stíl.³² Á hinn bóginn er ég hræddur um að ef allt það efni sem skrifað var héraendis (í óbundnu máli) frá 1200 til 1750 væri skoðað þá kæmi í ljós að stærstur hluti þess væri ekki eins „íslenskur“ og það sem haft er í *Sýnisbókinni*. En hvað sem því líður þá má segja að bæði Íslendingar og útlendingar hafi unnið saman við að skapa munstrið sem enn er við lýði: hinar upprunalegu, gömlu, hreinu, germönsku Íslendingasögur annars vegar, og hinar ungu, erlendu og tilgerðarlegu riddarasögur hins vegar.

7.

Enn vantaði þó svar við einni einfaldri spurningu: Hvernig gátu Íslendingar, þjóð sem hafði staðið á hátindi miðalda frásagnarlistar, allt í einu orðið svo hryllilega smekklausir?

Þessu velti bandaríska fræðikonan Margaret Schlauch fyrir sér í fyrsta kafla bókar sinnar *Romance in Iceland* (London, 1934). Schlauch var einna fyrst til að gefa frumsömdu riddarasögunum gaum, og bók hennar er enn að mörgu leyti besta ritið um þær. Hún var hins vegar ekki í nokkrum vafa um yfirburði Íslendingasagna, en lygisögurnar segir hún að séu „lamentably inferior to the older type of narrative.“ Hún segir svo:

Many writers have speculated on this amazing revolution in literary taste. It is as if a modern realistic novel dealing with contemporary American civilization were suddenly to introduce dragons, *incubi*, trolls, and vampires as seriously credible personages. The impression is just as incongruous if one turns from the austere simplicity of the *Laxdæla saga* to a phantasmagoria such as the *Gibbons saga ok Gregu*. It is difficult to believe that the same nation should have produced and apparently delighted in both within a comparatively short period.³³

Eins og Ker leggur Schlauch Íslendingasögurnar og raunsæisskaldsögur að jöfnu. Athyglisvert er þó að það sem Schlauch virtist nær óhugsandi í byrjun fjórða áratugarins, þ.e. að yfirnáttúrleg fyrirbæri gætu komið fyrir í alvarlegum skaldsögum um nútímapjöðfélög, þykir sjálfsagt í skáldverkum nú til dags.

En spurningunni er þó enn ósvarað.

Ein skýring hefur reynst afar vinsæl. Hana mætti nefna „dómgreindar-lömunar-kenninguna“. Hún hljómar svo í útgáfu Stefáns Einarssonar:

Víkingarnir, sem áður höfðu verið heimshornamenn, voru nú til fulls sestir, ekki í helgan stein, heldur í moldarkofa sína, og sem heimdragar urðu þeir að láta sér nægja drauminn. Þeir voru sólnari en nokkru sinni í mikil tíðindi frá öðrum löndum, en dómgreind þeirra var lömuð, svo að þeir gátu látið ímyndunarafl sitt leika frjálst við búta, drumba og efnivið, sem flóð hinna útlendu sagna bar á fjörur þeirra. Þeir sköpuðu ekki góðar bókmenntir úr þessu rómantíska efni, en þeir héldu áhuga sínum á lestri og bókagerð og jafnvel viti sínu með því að forða sér í óskaheim og drauma frá hinum ógurlega veruleika.³⁴

Hér kemur tvennt skemmtilega fram: erlendu sögurnar höfðu lamandi áhrif á dómgreind fólksins og gátu þar með spillt bókmenntahefð þess, en um leið hjálpuðu þær því til að gleyma hvað það átti bágt, sannkallað „ópíum fólksins“.

Jan de Vries tekur í sama streng:

In der dunklen Nacht, die sich über Island gesenkt hatte, fand der Bauer in der trostlosen Einförmigkeit seines Daseins einen Trost in der Lektüre solcher kindischen Phantasien, in denen ihm die unmöglichsten Abenteuer vorgegaukelt wurden, und die Beschreibung der von Gold und Edelsteinen strotzenden Paläste, Waffen und Kleider ließ ihn seine Armut einen Augenblick vergessen.³⁵

Kenning þessi heldur enn velli, en þó gætir nú e.t.v. ögn meira umburðarlyndis í garð þessara sagna; í nýútkominni bók Jónasar Kristjánssonar *Eddas and Sagas* má lesa eftirfarandi:

People nowadays set little store by these home made tales of chivalry. They suffer in comparison with other works and are overshadowed by the classical sagas. Nevertheless they have their qualities and deserve more respect and study than they have had. The threads of their material often lead us out into the wide world, and they were the chief original contribution to prose literature made by Icelanders in the late middle ages. They delighted many generations, both in their everyday garb of prose and in their Sunday best in the *rímur*: popular literature that really belonged to the people. To the Icelanders in their poverty they revealed remote dream worlds where pleasure and plenty reigned.³⁶

8.

Ég gat þess áðan að ein ástæða þess að riddarasögnum, einkum þeim yngstu, hefði verið útskýfað væri nokkurskonar miðaldadýrkun sem virðist enn vera ríkjandi.

Hugmyndir um yfirburði Íslendingasagna, og þar með ónýti riddarasagna, hafa verið svo sterkar í Íslendingum, sem að öðru leyti ganga svo ákveðnir til verks þegar sanna þarf að þeir séu með á nóttunum, að þeir hafa ekki komið auga á hið mikla afrek forfedra þeirra á því sviði miðaldabókmennta sem hvað hæst ber, þ.e. riddarabókmenntanna. Eldri riddarasögurnar eru, margar hverjar, perlur, vel samansettar og á gullfallegu máli. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þó Íslendingasögurnar hefðu ekki varðveist, eða aldrei verið skrifaðar, þá gætu Íslendingar samt verið stoltir af bókmenntaarfi sínum.

Úti í löndum hefur í seinni tíð aukist mjög áhugi á alþýðumenningu, ekki síst svokölluðum „Trivialliteratur“. Það tímabil sem hefur verið hvað mest rannsakað er tímabilið milli endurreisnar og iðnbyltingarinnar, sem á erlendum málum kallast „early modern period“ eða „Frühneuzeit“. Á Íslandi eru siðaskiptin venjulega látin marka skil hins gamla og hins nýja, en í raun held ég að við þau hafi lítið breyst í daglegu lífi Íslendinga. Hér vantaði algjörlega þéttbýlismyndun þá sem einkenndi Vestur Evrópu á þessum árum, og þeirra miklu áhrifa sem iðnbyltingin hafði á menningu Vesturlanda gætir vart hér fyrr en á þessari öld. Íslenskt samfélag var, ef ekki beinlínis miðaldasamfélag, þá allavega óiðnvætt („pre industrial“) fram á okkar öld. Því er ekki skrítið að bókmenntategund sem einkenndi evrópskt þjóðfélag fyrir iðnvæðingu skuli hafa lifað lengur hér en annarsstaðar. Riddarasögur voru skrifaðar upp og lesnar í þaula á Íslandi um 700 ára skeið og eru þannig ein mikilvægasta heimild okkar um alþýðumenningu hérlendis. Því væri tímabært að skoða þessar sögur og sérstaklega þær yngstu. Rannsaka mætti ýmsar hliðar þeirra. Augljóst er að sögurnar eiga að einhverju leyti rætur sínar að rekja til erlendra sagna, en að hve miklu leyti? Hver eru tengsl þeirra við eldri riddara og fornaldarsögur? Hvernig er þróunin í riddarasagnagerð á þessu langa tímabili? Einnig þarf að bera þær saman við almúgabækur nágrannalanda okkar frá svipuðum tíma. Mikilvægast er þó án efa að kanna hvaða hlutverki þessar sögur gegndu hérlendis, hverjir lásu þær, af hverju?

Er ekki orðið tímabært að rjúfa þessa miklu þögn?

Tilvísanir

- 1 Stefán Einarsson, *Íslensk bókmenntasaga 874–1960* (Reykjavík, 1961), bls. 205.
- 2 Undantekning hér er þó Álfrún Gunnlaugsdóttir, en aðal framlag hennar á þessu sviði, doktorsritgerð hennar *Tristán en el Norte*, getur vart talist innlegg í íslenska bókmenntasögu þar sem hún er skrifuð á máli sem fæstir lesa hérlendir.
- 3 Gustaf Cederschiöld, *Fornsögur suðurlanda. Magus saga jarls, Konráðs saga, Bærings saga, Florents saga. Med inledning* (Lundi, 1884).
- 4 Hér er að hluta til um að kenna mótífaskrá og þvíumlíku sem hafa ýtt undir þá hugmynd að riddarasögur séu í eðli sínu erlendar, hvort sem þær eru þýddar eða frumsamdar. Athyglisvert er að sama mælistika er ekki lögð á þjóðsögur, sem taldar eru vera ramm-íslenskar þó svo að þær geymi mörg sömu minnin og riddarasögurnar og séu oft augljóslega byggðar á rituðum evrópskum sögum.
- 5 *Nitida saga, Late Medieval Icelandic Romances V*, Editiones Arnarnagæna Series B, vol. 24 (Kaupmannahöfn, 1965), bls. 3–37.
- 6 Fredrik Paaske, *Norges og Islands litteratur inntil utgangen av middelaldren* (Oslo, 1924; önnur útgáfa, endursamið af Anne Holtsmark, 1957).
- 7 Thorkil Damsgaard Olsen, „Den Høviske litteratur“, *Norrøn fortællekunst: Kapitler af den norsk-islandske middelalderlitteraturs historie*, útg. af Hans Bekker-Nielsen, Thorkil Damsgaard Olsen, Ole Widding ([Kaupmannahöfn], 1965), pp. 92–117, 163–6.
- 8 Finnur Jónsson, *Den oldnorske og oldislandske Litteraturs Historie III* (Kaupmannahöfn, 1924), bls. 102–25.
- 9 Finnur Jónsson, 1924, bls. 104.
- 10 Jan de Vries, *Altnordische Literaturgeschichte II* (Berlin, 1967), bls. 534–539.
- 11 Stefán Einarsson, 1961, bls. 201–210.
- 12 Sigurður Nordal, *Sagalitteraturen, Nordisk kultur 8b* (1953), hér tekið úr þýðingu Árna Björnssonar, *Um íslenskar fornsögur* (Reykjavík, 1968), bls. 167.
- 13 Eftirfarandi sögur eru til í alþýðuútgáfum frá áratugunum í kringum aldamótin síðustu: *Sagan af Ambáles kongi* (Reykjavík, 1912); *Sagan af Andra Jarli, Helga hinum prúða og Högna Hjarandasyni* (Reykjavík, 1895); *Sagan af Ásmundi víkingi hinum írka* (Reykjavík, 1866); *Sagan af Faustusi og Ermenu* (Gimli, Manitoba, 1892); *Sagan af Hálfadáni Barkasyni* (Reykjavík, 1889); *Sagan af Héðni og Hlöðvi* (Reykjavík, 1978); *Sagan af Hinriki heilráða* (Bessastöðum, 1908); *Sagan af Huld drottningu hinni ríku* (lengri gerð sögunnar) (Reykjavík, 1909); *Sagan af Huld hinni miklu og fjölkunnugu trölldrottningu* (styttri gerð sögunnar) (Akureyri, 1911); *Sagan af Kára Kárasyni* (Reykjavík, 1886); *Ketlerusar saga keisaraefnis* (Reykjavík, 1905); *Sagan af Marsilíus og Rósamundu* (Reykjavík, 1885); *Sagan af Marteini málara* (Reykjavík, 1880); *Sagan af Nikulási konungi leikara* (Winnipeg, 1889; Reykjavík, 1812); *Sagan af Parmes loðinbirni* (Reykjavík, 1884; Gimli, Manitoba, 1910; Vestmannaeyjum, 1943); *Sagan af Starkarði Stórvirkessyni* (Winnipeg, 1911); *Sagan af Vígkæni kúabirði* (Reykjavík, 1886); *Sagan af Villifer frækna* (Reykjavík, 1885).
- 14 Hubert Seelow, *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher* (Reykjavík, 1989).
- 15 Sjá Rosemary Power, „Saxo in Iceland“, *Gripla VI* (1984), bls. 241–258.
- 16 T.d. má nefna *Gríseldis sögu* og *Títos sögu* og *Gissipos*, sem eiga rætur sínar að rekja til Boccaccio, eða *Argenis sögu*, sem er þýðing á *Argenis*, lykilróman á latínu eftir breska húmanistann John Barclay (frumútg. 1621).
- 17 Sjá t.d. Foster W. Blaisdell, „The Value of the Valueless: A Problem in Editing Medieval Texts“, *Scandinavian Studies* 39 (1967), bls. 40–46.
- 18 Sbr. Sigurður Nordal, Formáli að *Egils sögu*, Íslensk fornrit II (Reykjavík, 1933), bls. lxxiii,

- en þar segir hann m.a.: „Í verkum Snorra nær sagnaritunin fyllsta samræmi vísinda og listar skemmtilegrar frásagnar í taumhaldi sögulegrar dómgreindar.“
- 19 Sigurður Nordal, 1933, bls. lxxiii; sbr. Árni Sigurjónsson, „Um hugmyndafræði Sigurðar Nordal“, *Tímarit Máls og menningar* 45. árg. 1. hefti (1984), bls. 50: „Ein útbreidd skoðun sem Sigurður átti drjúgan þátt í að móta var sú að *jafnvægi yrði að ríkja milli erlendra og innlendra þátta í menningunni.*“
 - 20 Sigurður Nordal, 1968, bls. 114.
 - 21 Sigurður Nordal, 1968, bls. 110.
 - 22 Knut Liestøl, „Det litterære grunnlaget for Sigurðar saga fóts ok Ásmundar Húnakóns“, *Festskrift til Halvdan Koht på sekstiårsdagen 7de Juli 1933* (Osli, 1933), bls. 154; einnig í *Saga og folkeminne* (Oslo, 1941), bls. 53.
 - 23 W.P. Ker, *Epic and Romance* (London, ²1908), bls. 282. Frumútgáfan er frá 1896.
 - 24 Ker, 1908, bls. 183.
 - 25 Sjá Wayne C. Booth, *The Rhetoric of Fiction* (Chicago, 1961).
 - 26 Bók Mallets, *Monumens de la mythologie et de la poésie des Celtes et particulièrement des anciens scandinaves*, var frönsk þýðing á ýmsum eddukvæðum og öðru, gefin út í Kaupmannahöfn árið 1856, en þýdd á ensku 1770 af enskum biskupi, Thomas Percy að nafni. Landor virðist vitna hér fyrst í frönskuna og svo í þýðingu Percys.
 - 27 Tekið hér úr E.V. Gordon, *Introduction to Old Norse*, (Oxford, ²1962), bls. lxxii.
 - 28 Peter Hallberg, *Den isländska sagan* (Stokkhólmi, ²1964), bls. 66.
 - 29 Sjá t.d. Peter Hallberg, 1964, bls. 71–2.
 - 30 Þessi dæmi eru ættuð frá Andreas Heusler, *Germanentum: Von Lebens- und Formgefühl der alten Germanen* (Heidelberg, ²1934), bls. 136.
 - 31 Lee M. Hollander, ritdómur um útg. Foster W. Blaisdells á *Erex sögu*, *Modern Language Notes* 83 (1968), bls. 780.
 - 32 Brotið úr *Mágus sögu* er á bls. 254–8, og úr *Konráðs sögu* bls. 258–9.
 - 33 Margaret Schlauch, *Romance in Iceland* (London, 1934), bls. 10.
 - 34 Stefán Einarsson, 1961, bls. 210.
 - 35 Jan de Vries, 1967, bls. 539.
 - 36 Jónas Kristjánsson, *Eddas and Sagas: Iceland's Medieval Literature* (Reykjavík, 1988), bls. 338–9.